

AUGLÝSING

(V) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 557, 25. júní 2009 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2008/2009 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Vopnafjörður.

Ákvæði reglugerðar nr. 557 frá 25. júní 2009 gilda um úthlutun byggðakvóta Vopnafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

- a) Ákvæði 4. gr. reglugerðarinnar um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun fellur niður.
- b) Af 133 þorskígildislesta byggðakvóta Vopnafjarðar skal skipta helmingi úthlutaðs byggðakvóta, 66,5 þorskígildislestum, jafnt milli þeirra báta/skipa sem uppfylla skilyrði 1. gr. reglugerðarinnar og sækja um. Eftirstöðvunum, 66,5 þorskígildislestum, skal skipt í hlutfalli við landaðan afla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins, á tímabilinu 1. júlí 2008 til 30. júní 2009.
- c) Ekkert fiskiskip yfir 1.000 brúttótonn fær úthlutun.
- d) 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan byggðarlagsins afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað... o.s.frv.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 12. nóvember 2009.

F. h. r.

Arndís Á. Steinþórsdóttir.

Hinrik Greipsson.